

LÖG

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir afturköllun starfsleyfis skv. 6. tölul. 1. mgr. er þeim sem annast skiptastjórn þrotabús fjármálafyrirtækis heimilt, með samþykki og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, að annast áfram tiltekna leyfisbundna starfsemi að svo miklu leyti sem hún er nauðsynleg vegna bústjórnar og ráðstöfunar hagsmuna þrotabús.

2. gr.

Við 98. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Veiti héraðsdómari fjármálafyrirtæki heimild til greiðslustöðvunar skv. 12. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skal heimildin veitt til ákveðins dags og stundar innan tólf vikna frá uppkvaðningu úrskurðarins. Fallist héraðsdómari á framlengingu greiðslustöðvunar skv. 17. gr. sömu laga skal þing haldið til að taka málefnið fyrir á ný innan níu mánaða frá því að beiðni um framlengingu var lögð fram á dómþingi. Héraðsdómari getur þó aldrei heimilað greiðslustöðvun í lengri tíma en alls 24 mánuði talið frá því þinghaldi þegar heimild var veitt skv. 1. másl. Fundarboð skv. 2. mgr. 13. gr. og tilkynning skv. 5. mgr. 17. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. telst fullnægjandi ef hún er birt í að minnsta kosti tveimur dagblöðum hér á landi og í hverju þeirra ríkja þar sem útibú hafa verið rekin.

Lögmaður eða löggiltur endurskoðandi sem ráðinn hefur verið af fjármálafyrirtæki til að aðstoða við að koma nýrri skipan á fjármál þess, sbr. 10. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, skal ekki vera skaðabótaskyldur vegna ákvarðana og aðgerða sinna sem aðstoðarmaður nema um sé að ræða brot af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Dómsmál verður ekki höfðað gegn fjármálafyrirtæki meðan á greiðslustöðvun þess stendur nema mælt sé sérstaklega fyrir um heimild til þess í lögum eða um opinbert mál sé að ræða og krafist sé refsiviðurlaga sem ákveða má á hendur fjármálafyrirtæki. Má þá höfða mál í umdæmi héraðsdómstóls þess sem veitti heimild til greiðslustöðvunar.

Hafi dómsmál verið höfðað gegn fjármálafyrirtæki sem síðar er veitt heimild til greiðslustöðvunar, þá verður meðferð þess máls ekki fram haldið meðan á greiðslustöðvun stendur

nema mælt sé sérstaklega fyrir um heimild til þess í lögum eða um opinbert mál sé að ræða og krafist sé refsiviðurlaga sem ákveða má á hendur fjármálafyrirtæki.

3. gr.

3. mgr. 103. gr. laganna orðast svo:

Þegar ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. miða réttaráhrif við frestdag skal við skipti á búi fjármálafyrirtækis frestdagur miðast við það tímamark er Fjármálaeftirlitið veitti því frest að hætti 4. mgr. 86. gr., skipaði því skilanefnd á grundvelli 100. gr. a, heimild er veitt til greiðslustöðvunar á grundvelli 3. mgr. 98. gr. eða heimild er veitt til þess að leita nauðasamninga, sbr. 27. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Ef ekkert af þessu er undanfari skipta skal miðað við þann dag sem héraðsdómara berst krafa Fjármálaeftirlitsins skv. 1. eða 2. mgr. 102. gr.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Leiti fjármálafyrirtæki eftir heimild til greiðslustöðvunar eða framlengingar greiðslustöðvunar samkvæmt kröfu Fjármálaeftirlitsins á grundvelli 100. gr. a skal slík heimild veitt án tillits til ákvæða 4. og 6. tölul. 2. mgr. 12. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ef heimild til greiðslustöðvunar hefur verið veitt á grundvelli 2. mgr. 98. gr. laganna fyrir gildistöku laga þessara, en fundur með lánardrottnum skv. 1. mgr. 13. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. hefur enn ekki farið fram, er héraðsdómara heimilt að fenginni rökstuddri beiðni skuldara að fresta þegar ákveðinni fyrirtöku en þó ekki til lengri tíma en kveðið er á um í 1. másl. 3. mgr. 98. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga þessara. Skal héraðsdómari fallast á beiðni um frest nema hann telji hana augljóslega tilefnislaus. Fallist héraðsdómari á beiðni skuldara skal hann framlengja greiðslustöðvunina með úrskurði skv. 4. mgr. 17. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Í þeim fjármálafyrirtækjum sem Fjármálaeftirlitið hefur skipað skilanefnd í á grundvelli 100. gr. a skal miða frestdag við gildistöku laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 14. nóvember 2008.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björgvin G. Sigurðsson.